





Reykjavík, 28. ágúst 2025 HV
USK25050334

Thorsvegur 1– Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. ágúst 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. júní 2025 þar sem sótt er um að byggja tveggja hæða stálgreindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin ÍP2 Korpuvöllur – Íþróttasvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir STAÐAHVERFI. KORPULFSSTAÐAVÖLLUR, samþykkt 8. maí 2008 ásamt síðari breytingum.

Á skilmálum deiliskiplags er tekið fram:

"Bygginganefndarteikningar skulu vera lagðar fyrir Umhverfis- og skipulagsráðs vegna nálægðar við Korpúlfsstaði sem er mikilvæg menningarbygging í sögulegu samhengi."

Samhliða aðaluppdráttum vegna byggingaleyfis skal leggja fram lóðarteikningu sem sýnir skipulag bílastæða, hjólastæða, efnisgeymslu og hæðarsetningu lóðar.

Hámarks byggingarmagn er 800 m².

Umsögn

Samkvæmt teikningum eru mön og girðing staðsett yfir núverandi göngustíg þá þarf að laga. Skila þarf inn skýringarmyndum sem sýna nýbyggingu við hlið Korpúlfsstaða. Sneiðingar og útlitsteikningar þurfa að sýna samhengi milli bygginganna. Það er ekki nóg að vera með loftmynd heldur þarf að bæta við ásyndarmyndum sem sýna vel hvernig þetta mun líta út. Einnig þurfa lóðarteikningar að sýna skipulag bílastæða, hjólastæða, efnisgeymslu og hæðarsetningu lóðar eins og getið er um í skilmálum deiliskiplags.



Bygginganefndarteikningar skulu vera lagðar fyrir Umhverfis- og skipulagsráðs vegna nálægðar við Korpúlfstaði sem er mikilvæg menningarbygging í sögulegu samhengi. Umhverfis- og skipulagsráð getur óskað eftir því að lóðarhafi kynni teikningar fyrir ráðinu ef það er talin þörf á því.

Niðurstaða

- Uppfæra þarf lóðateikningu samanber umsögn. Einnig þarf að bæta við ásyndar- og skýringarmyndum sem sýna samhengi milli Korpúlfsstaða og fyrirhugaðrar vélaskemmu.

